

## TILSKIPUN RÁÐSINS

frá 26. júní 1990

**um eftirlit með dýraheilbrigði og dýrarækt í viðskiptum innan bandalagsins með tiltekin dýr á fæti til að stuðla að því að hinum innri markaði verði komið á**

(90/425/EBE)

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 43. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar <sup>(1)</sup>,með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins <sup>(2)</sup>,með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar <sup>(3)</sup>,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

Bandalagið skal samþykkja ráðstafanir sem hafa það að markmiði að koma smám saman á hinum innri markaði á tímabili sem lýkur 31. desember 1992.

Samhæft markaðsskipulag vegna dýra og afurða úr dýraríkinu felur í sér að ryðja verður úr vegi hindrunum á sviði dýraræktar og dýraheilbrigðis er hefta þróun viðskipta innan bandalagsins með umrædd dýr og afurðir. Í þessu sambandi er frjáls flutningur dýra og landbúnaðarafurða grundvallaratriði í hinu sameiginlega markaðsskipulagi og ætti að auðvelda skynsamlega þróun landbúnaðarframleiðslu og hámarksnýtingu á framleiðsluáttunum.

Á sviði dýraheilbrigðis eru landamærastöðvar notaðar um þessar mundir til að annast eftirlit sem hefur það að markmiði að vernda heilbrigði manna og dýra.

Endanlegt markmið er að tryggja að dýraheilbrigðiseftirlit fari einungis fram á sendingarstað. Náist þetta markmið felur það í sér samhæfingu grundvallarkrafna um verndun heilbrigðis dýra.

Til að stuðla að því að hinum innri markaði verði komið á ætti, þar til þessu markmiði er endanlega náð, að leggja áherslu á að eftirlit fari fram á sendingarstað og að skipuleggja það eftirlit sem gæti farið fram á viðtökustað. Slík lausn felur í sér að dýraheilbrigðiseftirlit á innri landamærum bandalagsins fellur niður og af þeim sökum er réttlætanlegt að viðhalda heilbrigðisvottorði eða auðkennisskírteini eins og kveðið er á um í reglum bandalagsins.

Með þessari lausn er ábyrgð dýraheilbrigðiseftirlits í sendingarríkinu aukin, einkum með því að komið er á kerfi til

skjótra upplýsingaskipta. Því er mikilvægt að sendingaraðildarríkið sjái til þess að eftirlitið fari rétt fram.

Skyndikannanir vegna dýraheilbrigðiseftirlits geta farið fram í viðtökuríkinu. Leiki sterkur grunur á að um vanrækslu sé að ræða getur dýraheilbrigðiseftirlitið farið fram meðan á umflutningi dýranna eða vörunnar stendur og á þeim svæðum sem samhæfingin nær ekki til skal vera hægt að grípa til sóttkvía.

Mikilvægt er að kveða á um aðgerðir sem grípa skal til komi í ljós við dýraheilbrigðiseftirlit að sendingin sé ekki samkvæmt settum reglum.

Kveða ætti á um meðferð deilumála sem gætu komið upp vegna sendinga frá bújörð, miðstöð eða fyrirtæki.

Mikilvægt er að kveða á um verndarráðstafanir. Á þessu sviði verður meginábyrgðin, einkum af framkvæmdarástæðum, að vera í höndum sendingaraðildarríkisins. Framkvæmdastjórnin verður að geta brugðist skjótt við, einkum með því að gera vettvangskannanir og grípa til viðeigandi ráðstafana.

Svo að góður árangur náist verða reglur sem eru settar í þessari tilskipun að gilda um öll dýr og vörur sem falla undir dýraheilbrigðiseftirlit vegna viðskipta innan bandalagsins.

Með stöðu samhæfingar í huga, og þar til reglur bandalagsins verða settar, ættu dýr og vörur sem ekki falla undir samhæfðar reglur að fullnægja kröfum viðtökuríkisins, að því tilskildu að þær séu í samræmi við 36. gr. sáttmálans.

Framangreindum reglum ætti að beita við eftirlit með dýrarækt.

Aðlaga ætti ákvæði gildandi tilskipana að þeim nýju reglum sem eru settar með þessari tilskipun.

Þessar reglur ber að endurskoða fyrir lok ársins 1993.

Framkvæmdastjórninni skal falið að samþykkja ráðstafanir til beitingar þessari tilskipun. Með það í huga skal ákveða

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. C 225, 31. 8. 1988, bls. 4.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB nr. C 326, 19. 12. 1988, bls. 28.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB nr. C 56, 6. 3. 1989, bls. 20.

aðferðir sem fela í sér nána og árangursríka samvinnu milli framkvæmdastjórnarinnar og aðildarríkjanna í fastanefndinni um dýraheilbrigði.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

*1. gr.*

Aðildarríkin skulu tryggja að dýraheilbrigðiseftirlit með dýrum á fæti og afurðum, sem falla undir tilskipanirnar sem eru taldar upp í viðauka A eða fyrstu málsgrein 21. gr. og hafa á viðskipti með, fari ekki lengur fram, með fyrirvara um 7. gr., við landamærastöðvar heldur samkvæmt þessari tilskipun.

Aðildarríkin skulu enn fremur tryggja að eftirlit með skjölum vegna dýraræktar falli undir reglur þessarar tilskipunar.

Þessi tilskipun hefur hvorki áhrif á eftirlit með velferð dýra meðan á flutningi stendur né á eftirlit sem fram fer í tengslum við óhlutdræga skoðun á vegum yfirvalda sem bera ábyrgð á almennri beitingu laga í aðildarríki.

*2. gr.*

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. „dýraheilbrigðiseftirlit“: eftirlit með ástandi og/eða formsatriðum á sviði stjórnsýslu sem tekur til dýranna eða afurðanna sem um getur í 1. gr. og er ætlað að vernda, beint eða óbeint, heilbrigði manna eða dýra;
2. „eftirlit með dýrarækt“: eftirlit með ástandi og/eða formsatriði á sviði stjórnsýslu sem tekur til dýra sem heyra undir tilskipanir tilgreindar í II. þætti viðauka A og er ætlað að bæta, beint eða óbeint, dýrastofna;
3. „viðskipti“: viðskipti milli aðildarríkja með vörur í skilningi 2. mgr. 9. gr. sáttmálans;
4. „bújörð“: landbúnaðarbyli eða athafnasvæði dreifiaðila, eins og skilgreint er samkvæmt gildandi innlendum reglum, staðsett á yfirráðasvæði aðildarríkis þar sem dýr sem um getur í viðaukum A og B, að hófdýrum undanskildum, eru haldin eða alin að jafnaði og bújörð samkvæmt skilgreiningu í a-lið 2. gr. tilskipunar ráðsins 90/426/EEB frá 26. júní 1990 um skilyrði á sviði heilbrigðis dýra sem hafa áhrif á flutninga og innflutning á hófdýrum frá þriðju löndum <sup>(1)</sup>;
5. „miðstöð eða fyrirtæki“: fyrirtæki sem framleiðir, tekur til geymslu eða vinnslu afurðirnar sem um getur í 1. gr.;

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. L 224, 18. 8. 1990, bls. 42.

6. „lögbært yfirvald“: stjórnvald aðildarríkis sem ber ábyrgð á dýraheilbrigðiseftirliti og eftirliti með dýrarækt eða hvert það yfirvald sem það hefur fengið þá ábyrgð í hendur;

7. „opinber dýralæknir“: dýralæknir sem er tilnefndur af lögbæru stjórnvaldi aðildarríkisins.

I. KAFLI

**Eftirlit á upprunastað**

*3. gr.*

1. Aðildarríkin skulu tryggja að einungis séu höfð viðskipti með dýr og afurðir sem um getur í 1. gr. og uppfylla eftirfarandi skilyrði:

- a) dýrin og afurðirnar sem um getur í viðauka A verða að fullnægja kröfum viðkomandi tilskipana sem eru taldar upp í honum og dýrin og afurðirnar sem um getur í viðauka B verða að fullnægja dýraheilbrigðiskröfum viðtökuaðildarríkisins;
  - b) þau verða að vera frá bújörðum, miðstöðvum eða fyrirtækjum sem opinbert reglulegt dýraheilbrigðiseftirlit nær til í samræmi við 3. mgr.;
  - c) þau verða annars vegar að vera auðkennd samkvæmt reglum bandalagsins og hins vegar að vera skráð þannig að unnt sé að rekja uppruna- eða umflutningsbújörðina, miðstöðina eða fyrirtækið; tilkynna skal framkvæmdastjórninni um innlendar reglur um auðkenni eða skráningu innan þriggja mánaða frá tilkynningu þessarar tilskipunar.
- Aðildarríkin verða að gera viðeigandi ráðstafanir fyrir 1. janúar 1993 til að tryggja að reglur sem gilda um auðkenni og skráningu í viðskiptum innan bandalagsins nái einnig til hreyfinga á dýrum á yfirráðasvæðum þeirra;
- d) við flutning skal þeim fylgja heilbrigðisvottorð og/eða önnur skjöl eins og kveðið er á um í tilskipunum sem um getur í viðauka A og, þegar um er að ræða önnur dýr og afurðir, í reglum viðtökuaðildarríkisins.

Þessi vottorð eða skjöl, gefin út af opinberum dýralækni sem ber ábyrgð á upprunabújörðinni, -miðstöðinni eða -fyrirtækinu og, þegar um er að ræða skjöl sem krafist er í löggjöf um dýrarækt sem um getur í II. þætti viðauka A, af lögbæru yfirvaldi, verða að fylgja dýrinu, dýrunum og afurðunum á viðtökustað;

e) smitnæm dýr, eða afurðir af dýrum sem eru smitnæm, mega ekki vera upprunnin;

- i) frá bújörðum, miðstöðvum, fyrirtækjum eða svæðum sem höft ákveðin í samræmi við reglur bandalagsins ná til, eins og við á, þegar þær gilda um viðkomandi dýr eða afurðir frá viðkomandi dýrum, vegna þess að grunur leikur á að sjúkdómur sem um getur í viðauka C sé til staðar, eða hafi komið upp eða vegna beitingar öryggisráðstafana;
- ii) frá bújörð, miðstöð, fyrirtæki eða svæði sem opinber höft ná til, vegna þess að grunur leikur á að sjúkdómur annar en þeir sem um getur í viðauka C sé til staðar, eða hafi komið upp eða vegna beitingar öryggisráðstafana;
- iii) þegar þau eru ætluð fyrir bújarðir, miðstöðvar eða fyrirtæki í aðildarríkjum sem hafa fengið ábyrgðir samkvæmt 9. gr. tilskipunar 64/432/EBE, eða öðrum jafngildum reglum bandalagsins sem hafa verið eða verða teknar upp í ríki viðurkenndu samkvæmt löggjöf bandalagsins sem ósýkt af sjúkdómi, á öllu eða hluta yfirráðasvæðis þess, frá bújörð sem veitir ekki ábyrgðirnar sem það aðildarríki getur krafist vegna sjúkdóma annarra en þeirra sem eru taldir upp í viðauka C;
- iv) þegar þau eru ætluð fyrir aðildarríki eða hluta yfirráðasvæðis aðildarríkis sem viðbótarábyrgðir ná til samkvæmt 9. gr. tilskipunar 64/432/EBE, eða öðrum jafngildum reglum bandalagsins sem hafa verið eða verða teknar upp, frá bújörð, miðstöð eða fyrirtæki og, komi til þess, frá hluta yfirráðasvæðisins sem veitir ekki viðbótarábyrgðirnar sem kveðið er á um.
- Lögbært yfirvald upprunalsins skal tryggja, áður en það gefur út vottorðið eða fylgiskjalið, að bújarðirnar, miðstöðvarnar eða fyrirtækin fullnægi þeim kröfum sem kveðið er á um í þessum lið;
- f) þegar margir viðtökustaðir koma við sögu í flutningunum verður að flokka dýr og afurðir saman í eins margar vörusendingar og viðtökustaðirnir eru. Hverri sendingu skal fylgja vottorð og/eða skjöl sem um getur í d-lið;
- g) þegar dýrin eða afurðirnar, sem falla undir tilskipanirnar í viðauka A og fullnægja reglum bandalagsins, eru ætluð til útflutnings til þriðja lands um yfirráðasvæði annars aðildarríkis, verður flutningurinn — nema í bráðatilvikum sem tilskilin leyfi hafa fengist fyrir hjá lögbæru yfirvaldi til að tryggja velferð dýranna — að vera undir eftirliti tollayfirvalda að þeim stað þar sem tollsvæði bandalagsins endar, samkvæmt nánari ákvæðum sem framkvæmdastjórnin setur í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 18. gr. eða, eftir því sem við á, í 19. gr.
- Þegar um er að ræða dýr og afurðir sem fullnægja ekki reglum bandalagsins, eða dýr og afurðir sem um getur í viðauka B, getur umflutningur einungis átt sér stað ef tilskilið leyfi hefur fengist hjá lögbæru yfirvaldi í umflutningsaðildarríkinu.
2. Aðildarríkin skulu einnig tryggja að:
- dýrin og afurðirnar sem um getur í 1. gr., og kynni að þurfa að slátra samkvæmt innlendri áætlun um útrýmingu sjúkdóma sem ekki eru taldir upp í viðauka C, séu ekki send áfram til yfirráðasvæðis annars aðildarríkis;
  - dýrin og afurðirnar sem um getur í viðauka A eða dýrin og afurðirnar sem um getur í viðauka B séu ekki send áfram til yfirráðasvæðis annars aðildarríkis ef þau geta ekki markaðssett þau á eigin yfirráðasvæði af ástæðum er tengjast heilbrigði manna eða dýra eins og getið er í 36. gr. sáttmálans.
3. Með fyrirvara um eftirlitsskyldur opinbers dýralæknis samkvæmt löggjöf bandalagsins skal lögbært yfirvald hafa eftirlit með bújörðum, viðurkenndum mörkuðum og söfnunarstöðum, miðstöðvum eða fyrirtækjum til að fullvissa sig um að dýr og afurðir sem eiga á viðskipti með fullnægi kröfum bandalagsins og uppfylli sérstaklega skilyrðin sem eru sett í c- eða d-lið 1. mgr. vegna auðkenningar.
- Þegar grunur leikur á um að kröfum bandalagsins hafi ekki verið fullnægt skal lögbært yfirvald viðhafa nauðsynlegt eftirlit og, sé grunurinn staðfestur, grípa til nauðsynlegra ráðstafana sem geta falið í sér einangrun viðkomandi bújarðar, miðstöðvar eða fyrirtækis.
4. Framkvæmdastjórnin getur samkvæmt málsmeðferðinni sem mælt er fyrir um í 18. gr. eða, eftir atvikum, í 19. gr., samþykkt nákvæmar reglur um beitingu þessarar greinar, einkum með tilliti til viðkomandi tegundar.
4. gr.
1. Sendingaraðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að:
- a) eigendur búfénaðar og afurða sem um getur í 1. gr. fullnægi innlendum kröfum eða kröfum bandalagsins sem fjallað er um í þessari tilskipun og varða dýraheilbrigði og dýrarækt á öllum stígum framleiðslu og markaðssetningar;
  - b) dýrin og afurðirnar sem um getur í viðauka A séu skoðuð að minnsta kosti eins nákvæmlega, frá dýraheilbrigðissjónarmiði, og væru þau ætluð fyrir innlendan markað, nema sérstaklega sé kveðið á um annað í reglum bandalagsins;

- c) dýr séu flutt með viðeigandi flutningatækjum sem uppfylla reglur um hreinlæti.
2. Lögbært yfirvald upprunaaðildarríkisins sem gaf út vottorðið eða skjalið sem fylgir dýrunum og afurðunum skal tilkynna, daginn sem þau voru gefin út og með tölvukerfinu sem kveðið er á um í 20. gr., lögbæru stjórnvaldi í viðtökuaðildarríkinu og lögbæru yfirvaldi á viðtökustaðnum um þær upplýsingar sem framkvæmdastjórnin skal ákveða samkvæmt málsmeðferðinni í 18. gr.
3. Sendingaraðildarríkin skulu gera viðeigandi ráðstafanir til að refsa fyrir brot einstaklinga eða lögpersóna á dýraheilbrigðis- eða dýraræktarlöggjöf þegar staðfest hefur verið að reglur bandalagsins hafi verið sniðgengnar, einkum þegar í ljós hefur komið að vottorðin, skjölin eða auðkennin endurspeglu ekki raunverulegt ástand dýranna eða upprunabújarðanna eða eiginleg einkenni afurðanna.

## II. KAFLI

### Eftirlit á viðtökustað

#### 5. gr.

1. Viðtökuaðildarríki skulu koma eftirfarandi ráðstöfunum til framkvæmda:
- a) lögbært yfirvald getur, á viðtökustað dýranna og afurðanna, kannað með óhlutdrægum skyndikönnunum á dýraheilbrigði hvort kröfum 3. gr. hefur verið fullnægt; það getur einnig tekið sýni í þessu sambandi.
- Jafnframt getur lögbært yfirvald umflutningsaðildarríkisins eða viðtökuaðildarríkisins, hafi það rökstuddan grun um brot, einnig látið fara fram eftirlit við flutning dýranna og afurðanna á yfirráðasvæði sínu;
- b) þegar afurðirnar samkvæmt 1. gr. sem eru upprunnar í öðru aðildarríki eru ætlaðar:
- i) viðurkenndum markaði eða söfnunarstað eins og skilgreint er í reglum bandalagsins ber rekstraradilinn ábyrgð á móttöku dýra sem uppfylla ekki kröfur 1. mgr. 3. gr.
- Lögbæra yfirvaldið skal ganga úr skugga um, með óhlutdrægri skoðun á vottorðum eða skjölum sem fylgja dýrunum, að dýrin uppfylli umræddar kröfur;
- ii) sláturhúsi sem er undir eftirliti opinbers dýralæknis verður hann að tryggja, einkum á grundvelli vott-

orðsins eða fylgiskjalsins, að einungis dýrum sem uppfylla kröfur 1. mgr. 3. gr. sé slátrað.

Rekstraraðili sláturhússins ber ábyrgð á slátrun dýra sem uppfylla ekki kröfur c- og d-liðar 1. mgr. 3. gr.;

- iii) skráðum dreifiaðila sem skiptir upp sendingum eða starfsstöð sem er ekki undir stöðugu eftirliti, skal lögbæra yfirvaldið líta á slíkan dreifiaðila eða starfsstöð sem viðtakanda dýranna og gilda þá skilyrðin sem eru sett í annarri undirgrein;
- iv) bújörðum, miðstöðvum eða fyrirtækjum, einnig í þeim tilvikum þegar sendingin er að hluta afhent meðan á flutningi stendur, skal hverju dýri eða hópi dýra fylgja samkvæmt 3. gr. frumrit af heilbrigðisvottorði eða fylgiskjali þar til það er komið í hendur þess viðtakanda sem þar er tilgreindur.

Viðtakendurnir sem um getur í iii- og iv-lið fyrstu undirgreinar verða, áður en til uppskiptingar eða sölu kemur, að ganga úr skugga um að auðkennin, vottorðin eða skjölin sem um getur í c- og d-lið 1. mgr. 3. gr. séu til staðar og tilkynna lögbæru yfirvaldi um sérhverja vanrækslu eða frávik og verði þess vart skal einangra viðkomandi dýr þar til lögbæra yfirvaldið hefur tekið ákvörðun um hvað skuli gera.

Ábyrgðirnar sem viðtakendur sem um getur í iii- og iv-lið verða að gefa skulu tilgreindar í samningi við lögbært yfirvald og undirritaðar þegar fyrirframskráningin sem kveðið er á um í 12. gr. fer fram. Lögbæra yfirvaldið skal gera slembiathuganir til að ganga úr skugga um að ábyrgðirnar haldi.

Þessi liður gildir að breyttu breytanda um viðtakendur afurðanna sem um getur í 1. gr.

2. Allir viðtakendur sem eru tilgreindir á vottorðinu eða skjalinu sem kveðið er á um í d-lið 1. mgr. 3. gr.:
- a) verða, fari lögbært yfirvald viðtökuaðildarríkisins fram á það og að því marki sem nauðsynlegt er vegna eftirlitsins sem um getur í 1. mgr., að tilkynna fyrirfram um komu dýra og afurða frá öðru aðildarríki og tilgreina þá sérstaklega um eðli sendingarinnar og áætlaðan komudag.
- Tilkynningafrestur skal að öðru jöfnu ekki vera lengri en einn dagur; engu að síður geta aðildarríki í undantekningartilvikum krafist tveggja daga tilkynningafrests.
- Þessarar tilkynningar er ekki krafist vegna skráðra hesta með auðkennisskjal eins og kveðið er á um í tilskipun 90/427/EBE;
- b) skulu geyma í þann tíma sem lögbæra yfirvaldið tilgreinir, þó ekki skemur en í sex mánuði, heilbrigðisvottorðin eða skýrslurnar sem um getur í

3. gr. svo að unnt sé að framvísa þeim til lögbæra yfirvaldsins fari það fram á slíkt.

3. Nákvæmar reglur um framkvæmd þessarar greinar skulu samþykktar í samræmi við málsmeðferðina í 18. gr. eða, eftir atvikum, 19. gr.

6. gr.

1. Þegar dýr á fæti eiga samkvæmt reglum bandalagsins, eða innlendum ákvæðum sem endurspeglar almennar reglur sáttmálans á sviðum sem hafa ekki verið samhæfð, að fara í sóttkví skal það að öllu jöfnu vera á viðtökubújörðinni.

2. Nota má sóttvarnarstöð ef dýraheilbrigðissjónarmið styðja það. Líta ber á slíka stöð sem viðtökustað sendingarinnar. Hlutaðeigandi aðildarríki skal tilkynna framkvæmdastjórninni um ástæður slíkrar aðgerðar.

3. Nánar skal kveðið á um skilmála er varða sóttkví og staðsetningu hennar í tengslum við dýraheilbrigðiskröfurnar sem um getur í annarri undirgrein 21. gr.

7. gr.

1. Aðildarríkin skulu tryggja að við eftirlitið sem fram fer á þeim stöðum þar sem hægt er að flytja dýr og afurðir sem um getur í 1. gr. frá þriðja landi inn á yfirráðasvæði bandalagsins, eins og höfnum, flugvöllum og landamæra- stöðvum við þriðju lönd séu eftirfarandi ráðstafanir gerðar:

- a) vottorð eða skjöl sem fylgja dýrunum eða afurðunum séu skoðuð;
- b) þegar dýr og afurðir eru flutt inn frá þriðju löndum verður að senda þau undir eftirliti tollayfirvalda til skoðunarstöðva til að dýraheilbrigðisskoðun geti farið fram.  
  
Dýrin og afurðirnar sem um getur í viðauka A mega ekki fá tollafgreiðslu nema eftirlitið hafi sýnt að þau fullnægi reglum bandalagsins;
- c) um dýr og afurðir úr bandalaginu gilda eftirlitsreglurnar sem eru settar í 5. gr.

2. Fara verður með dýrin og afurðirnar sem um getur í viðauka B, og dýr og afurðir sem eru flutt inn samkvæmt innlendum dýraheilbrigðisreglum, beint inn á yfirráðasvæði bandalagsins, um skoðunarstöðvar aðildarríkisins sem óskar að flytja þau inn, og skulu þau skoðuð þar í samræmi við b-lið 1. mgr.

Aðildarríki sem stunda innflutning frá þriðju löndum samkvæmt innlendum reglum um dýraheilbrigði skulu tilkynna slíkan innflutning til framkvæmdastjórnarinnar og hinna að-

ildarríkjanna, einkum umflutningsaðildarríkjanna, og gera grein fyrir þeim skilyrðum sem hann lýtur.

Viðtökuaðildarríki skulu ekki heimila að dýr séu send frá yfirráðasvæði þeirra nema þau hafi verið þar í þann tíma sem mælt er fyrir um í sérhöggjöf bandalagsins, það sama á við um afurðirnar sem um getur í annarri undirgrein, nema að senda eigi þau án umflutnings til annars aðildarríkis sem stundar innflutning frá þriðju löndum.

Hins vegar má, uns reglur bandalagsins hafa verið samþykktar, koma með þessi dýr og afurðir inn á yfirráðasvæði aðildarríkis, annars en þess sem um getur í annarri undirgrein, hafi hitt aðildarríkið samþykkt fyrirfram hvernig eftirliti skuli háttáð og, ef við á, einnig umflutningsaðildarríkið. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjunum innan ramma fastanefndarinnar um dýraheilbrigði þegar þau nýta þessa undanþágu og um fyrirkomulag eftirlits.

3. Frá 1. janúar 1993, og þrátt fyrir 1. mgr., skulu öll dýr og afurðir, sem eru flutt með flutningatekjum sem með reglubundnum og beinum hætti tengja tvo landfræðilega punkta í bandalaginu, falla undir skoðunarreglurnar sem eru settar í 5. gr.

8. gr.

1. Komist lögbær yfirvöld aðildarríkis, við eftirlit sem fram fer á viðtökustað sendingar, eða meðan á flutningi stendur, að því:

- a) að til staðar séu sjúkdómsvaldar sem orsaka sjúkdóm sem er nefndur í tilskipun 82/894/EBE <sup>(1)</sup>, eins og henni var síðast breytt með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 90/134/EBE <sup>(2)</sup>, dýrasjúkdómur sem getur einnig lagst á menn eða annar sjúkdómur, eða eitthvert það ástand sem getur stofnað dýrum eða mönnum í hættu, eða afurðirnar komi frá svæði sem er smitað af dýrasjúkdómi, skulu þau gefa fyrir máli um að dýrunum eða dýrasendingu sé komið í sóttkví á næstu sóttvarnarstöð eða þeim sé slátrað og/eða fargað.

Sendandi eða fulltrúi hans, eða sá aðili sem ber ábyrgð á afurðunum eða dýrunum, skal bera kostnað er tengist ráðstöfunum sem kveðið er á um í fyrstu undirgrein.

Lögbær yfirvöld viðtökuaðildarríkisins skulu þegar í stað tilkynna lögbærum yfirvöldum hinna aðildarríkjanna og framkvæmdastjórninni skriflega, með þeim hætti sem á best við, um þær upplýsingar sem liggja fyrir, ákvarðanir sem hafa verið teknar og rökstuðning fyrir þeim.

Beita má verndarráðstöfunum sem kveðið er á um í 10. gr.

<sup>(1)</sup> Stjútíð. EB nr. L 378, 31. 12. 1982, bls. 58.

<sup>(2)</sup> Stjútíð. EB nr. L 76, 22. 3. 1990, bls. 23.

Að beiðni aðildarríkis og í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 17. gr. getur framkvæmdastjórnin að auki tekið ákvörðun um nauðsynlegar ráðstafanir, til að tryggja að aðildarríkin beiti samræmdum aðgerðum til að takast á við þær aðstæður sem ekki er kveðið á um í löggjöf bandalagsins;

- b) að, með fyrirvara um a-lið, dýrin og afurðirnar fullnægi ekki skilyrðunum sem eru sett í tilskipunum bandalagsins eða, þegar aðildarríkið hlýtur ábyrgðir samkvæmt 9. gr. tilskipunar 64/432/EBE eða jafngildum reglum bandalagsins sem hafa verið eða verða samþykktar, í innlendum reglum um dýraheilbrigði, geta þau, að því tilskildu að það stangist ekki á við heilbrigðis- eða dýraheilbrigðissjórnarmið, leyft sendanda eða fulltrúa hans að velja á milli þess:

- þegar leifar eru til staðar, að dýrunum og afurðunum sé haldið undir eftirliti þar til staðfest hefur verið að reglunum sé fylgt og, ef reglunum er ekki fylgt, að ráðstöfunum sem kveðið er á um í löggjöf bandalagsins sé beitt,
- að dýrunum sé slátrað eða afurðunum fargað,
- að dýrin eða sendingin sé send til baka með leyfi lögbærs yfirvalds sendingaraðildarríkisins og tilkynningu fyrirfram frá umflutningsaðildarríkinu eða -ríkjunum.

Komi hins vegar í ljós að vottorð eða skýrslur eru ekki samkvæmt settum reglum verður sendandi eða umbodsmáður hans að fá umþóttunartíma til að koma skjölunum í lag áður en gripið er til síðarnefnda úrræðisins.

2. Framkvæmdastjórnin skal í samræmi við málsmeðferðina í 18. gr. taka saman ská yfir þá sjúkdómsvalda og sjúkdóma sem um getur í 1. mgr. og nákvæmar reglur um beitingu þessarar greinar.

#### 9. gr.

1. Í því tilviki sem kveðið er á um í 8. gr. skal lögbært yfirvald viðtökuaðildarríkis hafa samband við lögbær yfirvöld sendingaraðildarríkisins án tafar. Síðarnefndu yfirvöldin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir og tilkynna lögbæru yfirvaldi fyrstnefnda aðildarríkisins um eðli eftirlitsins sem fram hefur farið, ákvarðanir sem hafa verið teknar og rökstuðning fyrir þeim.

Óttist lögbært yfirvald viðtökuaðildarríkisins að ráðstafanirnar séu ófullnægjandi skulu lögbær yfirvöld beggja aðildarríkjanna leita sameiginlegra leiða og aðferða til að bæta stöðuna; ef svo ber undir getur það falið í sér skoðun á staðnum.

Komi endurtekin vanræksla fram við eftirlit sem kveðið er á um í 8. gr. skal lögbært yfirvald viðtökuaðildarríkisins tilkynna það framkvæmdastjórninni og dýraheilbrigðisyfir-

völdum hinna aðildarríkjanna.

Framkvæmdastjórnin getur, að beiðni lögbærs yfirvalds viðtökuaðildarríkisins eða að eigin frumkvæði, og að teknu tilliti til þess hvers eðlis brotið er:

- sent skoðunarmenn, í samráði við lögbær innlend yfirvöld, til viðkomandi staðar,
- falið opinberum dýralækni, en nafn hans verður að vera á skrá sem framkvæmdastjórnin tekur saman að tillögu aðildarríkjanna og samkomulag er um meðal hlutaðeigandi aðila, að kanna aðstæður á staðnum,
- farið fram á það við lögbæra yfirvaldið að það auki eftirlit með umræddri bújörð, miðstöð, fyrirtæki, viðurkenndum markaði, söfnunarstað eða upprunasvæði.

Hún skal tilkynna aðildarríkjunum um niðurstöður sínar.

Uns framkvæmdastjórnin hefur komist að niðurstöðu verður sendingaraðildarríkið, að beiðni viðtökuaðildarríkisins, að bæta eftirlit með dýrum og afurðum frá umræddri bújörð, miðstöð, fyrirtæki, viðurkenndum markaði, söfnunarstað eða upprunasvæði og fresta útgáfu vottorða eða flutnings-skírteina ef til þess liggja alvarlegar ástæður er varða heilbrigði manna eða dýra.

Viðtökuaðildarríkið getur fyrir sitt leyti aukið tíðni eftirlits með dýrum sem koma frá sömu bújörð, miðstöð, fyrirtæki, viðurkenndum markaði, söfnunarstað eða svæði.

Að beiðni annars hlutaðeigandi aðildarríkis ber framkvæmdastjórninni — þegar vanræksla hefur verið staðfest með sérfræðingsáliti — í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 17. gr., að gera viðeigandi ráðstafanir sem geta gengið svo langt að heimila aðildarríkjunum að banna um stundarsakir innflutning afurða sem koma frá þeirri starfsstöð, miðstöð, fyrirtæki, viðurkenndum markaði, söfnunarstað eða upprunasvæði á yfirráðasvæði þeirra. Ráðstafanirnar verður að endurskoða eða staðfesta eins skjótt og hægt er í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 17. gr.

2. Þessi tilskipun hefur ekki, nema í þeim tilvikum sem kveðið er á um í fjórðu undirgrein, áhrif á rétt til að áfrýja, sem er fyrir hendi í gildandi lögum aðildarríkjanna, ákvörðunum lögbærra yfirvalda.

Tilkynna skal sendanda eða fulltrúa hans og lögbæru yfirvaldi sendingaraðildarríkisins um ákvarðanir sem eru teknar af lögbæru yfirvaldi viðtökuaðildarríkisins og rökstuðning fyrir þeim.

Fari sendandi eða fulltrúi hans fram á slíkt skal honum tilkynnt skriflega um umrædda ákvörðun og rökstuðning

fyrir henni ásamt nákvæmum upplýsingum um áfrýjunarrétt hans samkvæmt gildandi lögum viðtökuaðildarríkisins og um málsmeðferð og frest til að leggja fram kvörtun.

Komi hins vegar upp ágreiningur, og með fyrirvara um áður nefndan áfrýjunarrétt, geta báðir aðilar, komist þeir að samkomulagi um það, innan eins mánaðar hið mesta, fengið sérfræðing til að leggja mat sitt á deiluna, en hans verður að vera getið á skrá yfir sérfræðinga bandalagsins sem framkvæmdastjórnin tekur saman; bandalagið skal standa straum af kostnaði við sérfræðingsráðgjöf.

Sérfræðingar verða að láta álit sitt í ljós innan 72 klukkustunda eða eftir að hafa fengið niðurstöður prófana. Deilu-aðilar verða að lúta álit sérfræðingsins að teknu tilhlýðilegu tilliti til dýraheilbrigðislöggjafar bandalagsins.

3. Sendandi eða fulltrúi hans, eða sá aðili sem ber ábyrgð á dýrunum eða afurðunum, skal standa straum af kostnaði við að endursenda sendinguna, halda eða einangra dýrin eða, ef við á, slátra þeim eða farga.

4. Almennar reglur um beitingu þessarar greinar skal setja í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 18. gr. eða, eftir atvikum, 19. gr.

### III. KAFLI

#### Sameiginleg ákvæði

##### 10. gr.

1. Aðildarríki skal þegar í stað tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni komi upp á yfirráðasvæði þess aðrir sjúkdómar en þeir sem um getur í tilskipun 82/894/EBE, dýrasjúkdómar sem geta einnig lagst á menn eða annar sjúkdómur, eða eitthvert það ástand sem getur stofnað heilbrigði dýra eða manna í hættu.

Sendingaraðildarríkið skal þegar í stað koma í framkvæmd eftirlits- eða varúðarráðstöfunum sem kveðið er á um í reglum bandalagsins, einkum að því er tekur til þess að ákvarða sérstök eftirlitssvæði sem kveðið er á um í þessum reglum eða gera einhverja aðra ráðstöfun sem það álitur viðeigandi.

Viðtöku- eða umflutningsaðildarríkið sem hefur komist að því við eftirlitið sem um getur í 5. gr. að einhver sjúkdómanna eða orsakanna sem um getur í fyrstu undirgrein séu til staðar getur, ef nauðsyn krefur, gert varúðarráðstafanirnar sem kveðið er á um í reglum bandalagsins, þar með talið að setja dýrin í sóttkví.

Uns ráðstafanir hafa verið gerðar samkvæmt 4. mgr. getur viðtökuaðildarríkið, liggi til þess mikilvægar ástæður er varða heilbrigði manna eða dýra, gripið til tíma-bundinna verndarráðstafana gagnvart umræddum bújörð-

um, miðstöðvum eða fyrirtækjum eða, þegar um dýrasjúkdóm er að ræða, komið á verndarsvæði eins og kveðið er á um í reglum bandalagsins.

Tilkynna skal framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjunum án tafar um ráðstafanir sem aðildarríkin gera.

2. Einn eða fleiri fulltrúar framkvæmdastjórnarinnar geta, að beiðni aðildarríkisins sem um getur í fyrstu undirgrein 1. mgr., eða að frumkvæði framkvæmdastjórnarinnar, farið rakleiðis á umræddan stað til að rannsaka, í samvinnu við lögbær yfirvöld, hvaða ráðstafanir hafa verið gerðar og skal leggja fram álit á ráðstöfununum.

3. Hafi framkvæmdastjórninni ekki verið tilkynnt um ráðstafanirnar, eða telji hún ráðstafanirnar ófullnægjandi, getur hún, í samvinnu við hlutaðeigandi aðildarríki og þar til fastanefndin um dýraheilbrigði hefur komið saman, gripið til tímabundinna verndarráðstafana vegna dýra eða afurða sem koma frá svæði sem er sýkt af dýrasjúkdóminum eða frá ákveðinni starfsstöð, framleiðslumiðstöð eða fyrirtæki. Þessar ráðstafanir skal leggja fyrir fastanefndina um dýraheilbrigði eins fljótt og kostur er og skal hún staðfesta þær, breyta þeim eða fella þær niður í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 17. gr.

4. Undir öllum kringumstæðum skal framkvæmdastjórnin fela fastanefndinni um dýraheilbrigði að endurskoða ástandið eins fljótt og kostur er. Hún skal gera nauðsynlegar ráðstafanir, í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 17. gr., vegna afurðanna sem um getur í 1. gr. og, gerist þess þörf, vegna upprunaaufurðanna eða afurða sem eru fengnar af þeim. Framkvæmdastjórnin skal fylgjast með framvindu mála og, samkvæmt sömu málsmeðferð, breyta eða fella úr gildi ákvarðanir sem eru teknar eftir því hvernig ástandið þróast.

5. Ákveða skal nákvæmar reglur um beitingu þessarar greinar, og sérstaklega gerð skrárinnar yfir dýrasjúkdóma sem geta einnig lagst á menn, í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 18. gr.

##### 11. gr.

Hvert aðildarríki um sig og framkvæmdastjórnin skal tilnefna þau dýraheilbrigðisyfirvöld eða stofnanir sem bera ábyrgð á dýraheilbrigðiseftirlitinu og annast samstarf við skoðunaryfirvöld hinna aðildarríkjanna.

##### 12. gr.

Aðildarríkin skulu einnig tryggja að allir dreifiaðilar sem taka þátt í viðskiptum innan bandalagsins með dýrin og/eða afurðirnar sem falla undir 1. gr.:

- séu að beiðni lögbærs yfirvalds skráðir fyrirfram í opinbera skrá;
- haldi skrá yfir afgreiðslu og, vegna viðtakenda sem um getur í iii-lið í b-lið 1. mgr. 5. gr., síðari viðtökustaði dýranna eða afurðanna.

Geyma skal skrána í þann tíma sem lögbært innlent yfirvald ákveður svo að unnt sé að framvísa henni til lögbærs yfirvalds óski það eftir því.

13. gr.

Aðildarríkin skulu einnig tryggja að embættismenn sem starfa á vegum dýraheilbrigðisyrvalda þeirra, ef svo ber undir í samvinnu við embættismenn annarra slíkra stofnana, séu einkum færir um að:

- skoða bújarðir, mannvirki, flutningatæki og aðferðir við mörkun og auðkenningu dýra,
- hafa eftirlit, að því er varðar afurðir sem eru taldar upp í viðauka A, með því hvort starfslið fullnægi kröfunum sem mælt er fyrir um í textunum sem um getur í þeim viðauka,
- taka sýni úr:
  - i) dýrum sem á að selja, setja á markað eða flytja;
  - ii) afurðum sem á að taka til geymslu, selja, setja á markað eða flytja,
- rannsaka skýrslu- eða tölvugögn sem varða eftirlit á grundvelli ráðstafananna sem eru gerðar samkvæmt þessari tilskipun.

Aðildarríkin skulu krefjast þess að þeir sem annast bújarðir, miðstöðvar eða fyrirtæki sem eru undir eftirliti sýni nauðsynlegan samstarfsvilja svo að unnt sé að inna af hendi þessi störf.

14. gr.

1. Eftirfarandi breytingar eru hér með gerðar á tilskipun 64/432/EBE <sup>(1)</sup>, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 89/662/EBE <sup>(2)</sup>:

a) Í stað 6. gr. komi eftirfarandi:

„6. gr.

Dýrum til slátrunar sem farið er með í slátruhús við komu til viðtökulands, annaðhvort beint eða með viðkomu á viðurkenndum markaði eða söfnunarstað, verður að slátra þar eins fljótt og hægt er, í samræmi við dýraheilbrigðiskröfur.

Dýrum til slátrunar, sem við komuna til viðtökulandsins hafa verið send rakleiðis á markað í tengslum við slátruhús þar sem sú regla gildir að einungis megi flytja dýr, einkum eftir að þau hafa verið á markaðinum, í slátruhús sem er viðurkennt í þessu skyni af lögbæru stjórnvaldi, verður að slátra í slátruhúsinu eigi síðar en fimm dögum eftir komu þeirra á markaðinn.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. 121, 29. 7. 1964, bls. 2012/64.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB nr. L 395, 30. 12. 1989, bls. 13.

Lögbært yfirvald viðtökulandsins getur að teknu tilliti til dýraheilbrigðissjórnarmiða tilnefnt slátruhúsið sem senda verður dýrin til.“

b) Ákvæði 3. mgr. 7. gr. og fyrstu undirgreinar 2. mgr. 8. gr. falli hér með niður.

c) Í stað 9. og 10. gr. komi eftirfarandi:

„9. gr.

1. Aðildarríki sem hefur gert eftirlitsáætlun vegna smitsjúkdóms sem ekki er tilgreindur í viðauka E fyrir allt eða hluta af yfirráðasvæði sínu getur lagt þessa áætlun fyrir framkvæmdastjórnina einkum með upplýsingum um eftirfarandi:

- útbreiðslu sjúkdómsins í aðildarríkinu,
- ástæður fyrir áætluninni þar sem tekið er tillit til umfangs sjúkdómsins og áætlaðan ávinning af henni í samanburði við kostnað,
- landsvæði þar sem áætlunin kemur til framkvæmda,
- hvernig eigi að flokka starfsstöðvar, og hvaða staðla starfsstöðvar í hverjum flokki verði að uppfylla, að prófunaraðferðum meðtöldum,
- hvernig eftirliti með áætluninni verði háttað,
- hvaða aðgerða skuli gripið til ef starfsstöð er svipt viðurkenningu sem hún hefur, af hvaða ástæðu sem það kann að vera,
- til hvaða aðgerða skuli gripið verði niðurstöður prófa sem gera á í samræmi við ákvæði áætlunarinnar jákvæðar.

2. Framkvæmdastjórnin skal skoða áætlanir sem aðildarríkin leggja fram. Áætlanir má viðurkenna í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 12. gr. uppfylli þær skilyrðin sem eru sett í 1. mgr. Viðbótarábyrgðir, almennar eða sértækar, sem krefjast má vegna viðskipta innan bandalagsins, skulu skilgreindar samtímis, eða í síðasta lagi þremur mánuðum eftir viðurkenningu áætlanna, og í samræmi við sömu málsmeðferð. Slíkar ábyrgðir mega ekki vera viðtækari en þær sem aðildarríkið notar á eigin yfirráðasvæði.

3. Breyta má þeim áætlunum sem aðildarríkin leggja fram eða bæta við þær í samræmi við málsmeðferðina í 12. gr. Samkvæmt sömu málsmeðferð er heimilt að samþykkja breytingu eða viðbót við áætlun sem hefur hlotið samþykki eða við ábyrgðir sem hafa verið skilgreindar samkvæmt 2. mgr.

10. gr.

1. Aðildarríki sem telur að yfirráðasvæði sitt eða hluti þess sé ósýkt af einum af sjúkdómum sem nautgripir og svín eru smitnæm fyrir skal leggja fyrir framkvæmdastjórnina viðeigandi sönnunargögn, þar sem einkum komi fram:

- eðli sjúkdómsins og ferli hans á yfirráðasvæði aðildarríkisins,
  - niðurstöður eftirlitsprófa sem eru byggð á sermi-fræðilegum, örverufræðilegum, meinafræðilegum eða faraldursfræðilegum niðurstöðum, eftir því sem við á, og því að skylt er að tilkynna sjúkdóminn til lögbærra yfirvalda,
  - lengd eftirlitstímabils,
  - þar sem við á, lengd tímabils þegar bólusetning gegn sjúkdóminum hefur verið bönnuð og til hvaða landsvæðis bannið tók,
  - eftirlitsráðstafanir til að ganga úr skugga um að sjúkdómurinn sé ekki til staðar.
2. Framkvæmdastjórnin skal kanna sönnunargögn sem aðildarríkin leggja fram. Viðbótarábyrgðir, almennar eða sértækar, sem krefjast má í viðskiptum innan bandalagsins er heimilt að skilgreina í samræmi við málsmeðferðina í 12. gr. Slíkar ábyrgðir mega ekki vera víðtækari en þær sem aðildarríkið notar á eigin yfirráðasvæði. Ef sönnunargögn eru lögð fram fyrir 1. júlí 1991 skal taka ákvarðanir um viðbótarábyrgðir fyrir 1. janúar 1992.
3. Hlutaðeigandi aðildarríki skal tilkynna framkvæmdastjórninni um breytingar á gögnunum sem um getur í 1. mgr. og tengjast sjúkdóminum. Breyta má eða fella niður viðbótarábyrgðir samkvæmt 2. mgr., í samræmi við málsmeðferðina sem kveðið er á um í 12. gr., á grundvelli veittra upplýsinga.“
2. Ákvæði 2. til 5. undirgreinar 2. mgr. 5. gr. og 7. og 15. gr. tilskipunar 88/407/EBE <sup>(1)</sup> falli niður.
3. Ákvæði 2. til 4. undirgreinar 2. mgr. 5. gr. og 14. gr. tilskipunar 89/556/EBE <sup>(2)</sup> falli niður.
4. Í fimmtu línu fyrstu undirgreinar 13. gr. í tilskipun 72/462/EBE <sup>(3)</sup>, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 89/227/EBE <sup>(4)</sup>, komi talan „fimm“ í stað „þrjú“.

*15. gr.*

1. Eftirfarandi grein bætist við tilskipanir 64/432/EBE og 89/556/EBE:

„14. gr.

Reglurnar sem eru settar í tilskipun ráðsins 90/425/EBE frá 26. júní 1990 um eftirlit með dýraheilbrigði og dýrarækt í viðskiptum innan bandalagsins með tiltekin dýr á fæti til að stuðla að því að hinum innri markaði verði komið á (\*), skulu einkum gilda um eftirlit á upp-

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. L 134, 22. 7. 1988, bls. 10.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB nr. L 302, 19. 10 1989, bls. 1.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB nr. L 302, 31. 12. 1972, bls. 28.

<sup>(4)</sup> Stjtið. EB nr. L 93, 6. 4. 1989, bls. 25.

runastað, skipulagningu og hvernig eftirlitinu er fylgt eftir af viðtökuáðildarríkinu og til verndarráðstafana sem eiga að koma til framkvæmda.

(\*) Stjtið. EB nr. L 224, 18. 8. 1990, bls. 29“.

2. Eftirfarandi grein bætist við tilskipun 88/407/EBE:

„15. gr.

Reglurnar sem eru settar í tilskipun ráðsins 90/425/EBE frá 26. júní 1990 um eftirlit með dýraheilbrigði og dýrarækt í viðskiptum innan bandalagsins með tiltekin dýr á fæti til að stuðla að því að hinum innri markaði verði komið á (\*), skulu einkum gilda um eftirlit á upp-runastað, skipulagningu og hvernig eftirlitinu er fylgt eftir af viðtökuáðildarríkinu og til verndarráðstafana sem eiga að koma til framkvæmda.

(\*) Stjtið. EB nr. L 224, 18. 8. 1990, bls. 29“.

3. Í stað 9. gr. tilskipunar 90/426/EBE komi eftirfarandi:

„9. gr.

Reglurnar sem eru settar í tilskipun ráðsins 90/425/EBE frá 26. júní 1990 um eftirlit með dýraheilbrigði og dýrarækt í viðskiptum innan bandalagsins með tiltekin dýr á fæti til að stuðla að því að hinum innri markaði verði komið á (\*), skulu einkum gilda um eftirlit á upp-runastað, skipulagningu og hvernig eftirlitinu er fylgt eftir af viðtökuáðildarríkinu og til verndarráðstafana sem eiga að koma til framkvæmda.

(\*) Stjtið. EB nr. L 224, 18. 8. 1990, bls. 29“.

*16. gr.*

Framkvæmdastjórnin getur breytt sjúkdómaskránni sem um getur í viðauka C í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 18. gr.

*17. gr.*

Þegar vísað er til málsmeðferðarinnar í þessari grein skal fastanefndin um dýraheilbrigði sem komið var á fót með ákvörðun 68/361/EBE <sup>(5)</sup> taka ákvarðanir í samræmi við reglur sem mælt er fyrir um í 17. gr. tilskipunar 89/662/EBE.

*18. gr.*

Þegar vísað er til málsmeðferðarinnar í þessari grein skal fastanefndin um dýraheilbrigði taka ákvarðanir í samræmi við reglur sem mælt er fyrir um í 18. gr. tilskipunar 89/662/EBE.

<sup>(5)</sup> Stjtið. EB nr. L 255, 18. 10. 1968, bls. 23.

## 19. gr.

Þegar vísað er til málsmeðferðarinnar í þessari grein skal fastanefndin um dýrarækt sem komið var á fót með ákvörðun 77/505/EBE <sup>(1)</sup> taka ákvarðanir í samræmi við reglur sem mælt er fyrir um í 11. gr. tilskipunar 88/661/EBE <sup>(2)</sup>.

## IV. KAFLI

## Loka- og bráðabirgðaákvæði

## 20. gr.

1. Framkvæmdastjórnin skal koma á, í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 18. gr., tölvukerfi sem tengir dýraheilbrigðisvörð, einkum með það í huga að auðvelda upplýsingaskipti milli lögbærra yfirvalda svæða þar sem heilbrigðisvottorð eða skjal sem fylgir dýrum og dýraafurðum hefur verið gefið út og lögbærra yfirvalda viðtökuaðildarríkisins.

2. Samþykkinga skal reglur um fjárframlag bandalagsins, sem kveðið er á um í 37. gr. ákvörðunar 90/424/EBE og er nauðsynlegt vegna framkvæmdar þessarar áætlunar, í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 42. gr. umræddrar ákvörðunar.

3. Framkvæmdastjórnin skal samþykkinga reglur um beitingu þessarar greinar í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 18. gr. og einkum viðeigandi staðla vegna skipta á upplýsingum og reglur um öryggisráðstafanir vegna gagna sem fara á milli.

## 21. gr.

Fram að 31. desember 1992 skulu viðskipti með dýr og afurðir sem eru tilgreind í viðauka B háð, uns reglur bandalagsins hafa verið settar og með fyrirvara um innlendar reglur um auðkenningu vörusendinga, reglum um eftirlit sem eru settar í þessari tilskipun, einkum þeim sem um ræðir í seinni hluta fyrsta málsliðar í a-lið 1. mgr. 3. gr.

Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjunum, fyrir þann dag sem ákveðinn er í 22. gr., um skilyrði og reglur sem gilda um komu dýra og afurða sem um getur í fyrstu undirgrein á yfirráðasvæði þeirra, að meðtöldum reglum um auðkenningu.

Framkvæmdastjórnin skal samkvæmt málsmeðferðinni sem mælt er fyrir um í 17. gr. ákveða ráðstafanir sem eru nauðsynlegar vegna gagnavinnslu skilyrðanna sem um ræðir í annarri undirgrein.

Reglur um eftirlit dýra og afurða sem um getur í viðauka A skulu rýmkaðar þannig að þær nái til dýra og dýraafurða sem falla ekki nú þegar undir viðaukann þegar búið verður að

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. L 206, 12. 8. 1977, bls. 11.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB nr. L 382, 31. 12. 1988, bls. 16.

samþykkinga samhæfðu reglurnar um viðskipti með þær. Fyrir 1. janúar 1992 skal ráðið ákveða hvaða dýr og dýraafurðir, sem ekki falla nú þegar undir gildissvið þessara tilskipana, tilskipun 89/662/EBE og þessi tilskipun skuli gilda um frá 31. desember 1992.

## 22. gr.

1. Aðildarríkin skulu leggja fyrir framkvæmdastjórnina fyrir 1. október 1991 áætlun um innlendar ráðstafanir sem á að gera til að ná markmiði þessarar tilskipunar, einkum um hve oft eftirlit á að fara fram.

2. Framkvæmdastjórnin skal rannsaka áætlanirnar sem aðildarríkin leggja fram í samræmi við 1. mgr.

3. Framkvæmdastjórnin skal á hverju ári og í fyrsta skipti árið 1992 senda aðildarríkjunum tilmæli um eftirlitsáætlun vegna næstkomandi árs; fastanefndin um dýraheilbrigði lætur á undan í ljós álit sitt á tilmælunum. Þessi tilmæli getur þurft að aðlaga síðar.

## 23. gr.

1. Fyrir 1. janúar 1991 skal ráðið ákveða, með auknum meirihluta og að tillögu framkvæmdastjórnarinnar, reglur og almennar meginreglur um eftirlit í þriðju löndum og um eftirlit með innflutningi frá þriðju löndum á dýrum og afurðum sem þessi tilskipun tekur til. Á sama hátt skal ákveða eftirlitsstöðvar á ytri landamærum, ásamt þeim kröfum sem þessar stöðvar verða að fullnægja, fyrir þennan dag.

2. Fyrir 1. janúar 1993 skal ráðið endurskoða ákvæði þessarar tilskipunar, einkum 10. gr. og a-liðar 2. mgr. 5. gr., á grundvelli skýrslu framkvæmdastjórnarinnar um fengna reynslu, ásamt viðeigandi breytingartillögum, sem ráðið skal afgreiða með auknum meirihluta.

## 24. gr.

Fram að 31. desember 1992, eða í síðasta lagi tólf mánuðum eftir daginn sem aðildarríkin verða að laga sig að tilskipun 90/423/EBE, geta aðildarríkin, þrátt fyrir 1. mgr. 5. gr. og til að unnt sé að taka smám saman upp eftirlitskerfið sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun:

- viðhaldið eftirliti með skjölum meðan á flutningum á dýrum og afurðum sem falla undir viðauka A og B stendur til að tryggja að kröfum sem mælt er fyrir um í reglum bandalagsins sé fullnægt,
- viðhaft eftirlit með skjölum meðan á flutningum stendur á dýrum og afurðum innfluttum frá þriðju löndum til aðildarríkjanna.

25. gr.

Ráðið skal, að fenginni tillögu framkvæmdastjórnarinnar, ákvarða með auknum meirihluta, fyrir 1. október 1992, það skipulag sem á að taka gildi þegar bráðabirgðaákvæðin í 24. gr. falla úr gildi.

26. gr.

Aðildarríkin skulu samþykkja lög og stjórnslufyrirmæli sem eru nauðsynleg til að fara að:

- i) ákvæðum 10. gr. þessarar tilskipunar og 9. gr. tilskipunar 89/662/EBE, tveimur mánuðum eftir að tilkynnt hefur verið um þessa tilskipun,
- ii) öðrum ákvæðum þessarar tilskipunar, þann dag sem verður ákveðinn þegar ákvörðun sem á að samþykkja fyrir 31. desember 1990 og eigi síðar en 31. desember 1991 verður tekin.

Lýðveldið Grikkland skal þó hafa eins árs frest til að fara að þessum öðrum ákvæðum.

27. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Lúxemborg 26. júní 1990.

*Fyrir hönd ráðsins,*

M. O'KENNEDY

*forseti.*

## VIDAUKI A

**I. DÝRAHEILBRIGÐISLÖGGJÖF**

Tilskipun ráðsins 64/432/EBE frá 26. júní 1964 um vanda á sviði heilbrigðis dýra sem hefur áhrif á viðskipti innan bandalagsins með nautgripi og svín.

Stjtið. EB nr. L 121, 29. 7. 1964, bls. 1977/64.

Tilskipun ráðsins 88/407/EBE frá 14. júní 1988 um skilyrði á sviði heilbrigðis dýra sem eiga við um viðskipti innan bandalagsins og innflutning á djúpfrystu sæði húsdýra af nautgripakyni.

Stjtið. EB nr. L 194, 22. 7. 1988, bls. 10.

Tilskipun ráðsins 89/556/EBE frá 25. september 1989 um skilyrði á sviði heilbrigðis dýra sem hafa áhrif á viðskipti innan bandalagsins og innflutning frá þriðju löndum á fóstrum húsdýra af nautgripakyni.

Stjtið. EB nr. L 302, 19. 10. 1989, bls. 1.

Tilskipun ráðsins 90/426/EBE frá 26. júní 1990 um skilyrði á sviði heilbrigðis dýra sem hafa áhrif á flutninga og innflutning hófdýra frá þriðju löndum<sup>(1)</sup>.

Stjtið. EB nr. L 224, 18. 8. 1990, bls. 42.

Tilskipun ráðsins 90/429/EBE frá 26. júní 1990 um skilyrði á sviði heilbrigðis dýra sem eiga við um viðskipti innan bandalagsins og innflutning á sæði húsdýra af svínakyni.

Stjtið. EB nr. L 224, 18. 8. 1990, bls. 62.

**II. DÝRARÆKTARLÖGGJÖF**

Tilskipun ráðsins 77/504/EBE frá 25. júlí 1977 um hreinræktuð kynbótadýr af nautgripakyni.

Stjtið. EB nr. L 206, 12. 8. 1977, bls. 8.

Tilskipun ráðsins 88/661/EBE frá 19. desember 1988 um staðla á sviði dýraræktar sem gilda um kynbótasvín.

Stjtið. EB nr. L 382, 31. 12. 1988, bls. 36.

Tilskipun ráðsins 89/361/EBE frá 30. maí 1989 um hreinræktað kynbótafé og -geitur.

Stjtið. EB nr. L 153, 6. 6. 1989, bls. 30.

Tilskipun ráðsins 90/427/EBE frá 26. júní 1990 um ræktunar- og erfðafræðiskilyrði sem hafa áhrif á viðskipti með hófdýr innan bandalagsins.

Stjtið. EB nr. L 224, 18. 8. 1990, bls. 55.

---

<sup>(1)</sup> Gildir frá 1. janúar 1992.

## VIÐAUKI B

**DÝR OG AFURÐIR SEM FALLA EKKI UNDIR SAMHÆFINGU BANDALAGSINS EN VIÐSKIPTI  
MEÐ ÞAU ERU HÁÐ EFTIRLITINU SEM KVEÐIÐ ER Á UM Í ÞESSARI TILSKIPUN****A. Dýr á fæti af eftirtöldum tegundum**

- Sauðfé og geitur
- Alifuglar
- Tamdar kanínur

**B. Afurðir**

- Úrgangsefni (lifandi smitefni)
- Útungunaregg

## VIÐAUKI C

**SKRÁ YFIR SJÚKDÓMA EDA DÝRASJÚKDÓMA SEM HEYRA UNDIR BRÁÐAADGERÐIR MEÐ  
SVÆÐATAKMÖRKUNUM (AÐILDARRÍKI, SVÆÐI)**

- Gin- og klaufaveiki (FMD)
- Svínapest (CSF)
- Afríkusvínapest (ASF)
- Blöðruveiki í svínunum (SVD)
- Newcastle-veiki (ND)
- Nautapest
- Pest í litlum jörturdýrum (PPR)
- Munnblöðrubólga (VS)
- Blátunga
- Afríkuhrossapest (AHS)
- Heila- og mænubólga í hestum
- Svínalömunarveiki („Teschén-veiki“)
- Fuglaflensa
- Fjár- og geitabólusótt
- Húðþrimlaveiki
- Rift valley-veiki
- Illkynjuð brjósthimnubólga